

Gaslagnir

Í grein 198.1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 segir:

“Um gaslagnir sem flytja eld- og sprengifimt gas gilda reglur Brunamálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins og þær reglur sem þessar stofnanir viðurkenna”.

Með reglugerð nr. 1163/2006 frá 21. desember 2006 um breytingu á 40 gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 var ábyrgðasviði pípulagningameistara breytt þannig að hann ber ábyrgð á uppsetningu gaslagna og tilheyrandi öryggisbúnaði.

„Pípulagningameistari, sem staðfest hefur ábyrgð sína á verki, ber m.a. ábyrgð á: Öllum frárennslis- og jarðvatnslögnum, og efstu fyllingu undir og að slíkum lögnum, ásamt útloftun þeirra og hæðarsetningu niðurfalla, lögnum varðandi vatnsúðakerfi og slöngukefli, lögnum varðandi hitakerfi, heitt og kalt vatn og einangrun slíkra lagna, gaslögnum og tilheyrandi öryggisbúnað, uppsetningu hreinlætistækja og tengingu þeirra, tengingu þak- og svalaniðurfalla við frárennslislögn, að rotþrær séu gerðar samkvæmt uppdráttum, uppsetningu stýritækja að því er varðar starfssvið hans, að reyndaruppdrætti sé skilað til byggingarfulltrúa að verki loknu”.

Viðmiðun:

F-gas:

- Reglugerð Nr.196/1990 um forðageymslur fyrir F-gas, 4. maí 1990.
- Reglur um uppsetningu og frágang F-gas búnaðar í atvinnuhúsnæði, Brunamálastofnun 1993.
- Uppsetning á F-gas búnaði fyrir heimili, sumarbústaði, húsvagna og húsbíla, Brunamálastofnun 1993.
- Reglur um tæki sem brenna gasi nr. 108/1996 sjá www.vinnueftirlit.is
- NFPA 58 Liquefied Petroleum Gas Code

Annað eldfimt gas:

- Utformning av försörjningssystem för gas, Svetskommissionen, Sverige, sjá www.svets.se
- Temaveiledning om gassanlegg, dsb. Noregi, sjá www.dsb.no